



# ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr.

<b>Málsheiti og nr.</b>	Innleiðing á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/61/ESB frá 15. maí 2014 um ráðstafanir til að lækka kostnað við uppbyggingu á háhraða fjarskiptanetum.
<b>Ráðuneyti /verkefnisstjóri</b>	Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið / Vera Sveinbjörnsdóttir
<b>Innleiðing EES-gerðar?</b>	<input checked="" type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
<b>Dags.</b>	22.11.2017

## A. Úrlausnarefni

### 1. Forsaga máls og tilefni

Um er að ræða innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/61/ESB frá 15. maí 2014 um ráðstafanir til að lækka kostnað við uppbyggingu á háhraða rafrænum fjarskiptanetum.

### 2. Hvert er úrlausnarefnið?

Tryggja viðunandi lagastoð vegna innleiðingar tilskipunarinnar. Gera þarf breytingu á 36. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 og tryggja þarf að Póst- og fjarskiptastofnun sé búin undir að sinna þeim verkefnum sem felast í tilskipuninni.

### 3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

36. gr. fjarskiptalaga hefur að geyma ákvæði sem heimilar samnýtingu jarðvegsframkvæmda. Hún kveður hins vegar ekki á um skyldu til að samnýta jarðvegsframkvæmdir þegar það er mögulegt. Auk þess er í tilskipuninni kveðið á um tilkynningaskyldu vegna slíkra framkvæmda og eftirlitsstofnunin þarf að halda utan um upplýsingar um þær framkvæmdir sem eru í gangi hverju sinni.

### 4.

## B. Markmið

### 1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki

Ísland ljóstengt  
Fjarskiptaáætlun.

Tilskipunin samræmist ofangreindum stefnum.

### 2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda

Greiða fyrir hagkvæmari uppbyggingu fjarskipta, fyrst og fremst lagningu ljósleiðara (þá um leið annarra innviðaframkvæmda). Þrátt fyrir að ljósleiðaravæðing sé afar langt komin á Íslandi, er ljósleiðaravæðing viðvarandi verkefni, enda er enn þörf á að halda áfram ljósleiðaravæðingu í þéttbýli og í hinum dreifðustu byggðum. Eðlilegt er að tryggja samnýtingu framkvæmda þar sem því verður við komið.

## C. Leiðir

### 1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?

Ekki kemur til greina að aðhafast ekki þar sem um EES innleiðingu er að ræða og það liggur ljóst fyrir að þörf er á lagabreytingu.

Því væri um að ræða brot á EES- samningnum ef tilskipun sem tekin hefur verið upp í ESS- samninginn væri ekki innleidd.

## 2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið

Ákvæði tilskipunar 2014/61 eru með þeim hætti að ekki er unnt að innleiða hana án lagabreytingar.

## 3. Mögulegar leiðir við lagasetningu

- Heildstæð löggjöf - ekki er talin þörf á svo róttækum breytingum.
- Breytingar á fyrirbyggjandi löggjöf, þ.e. fjarskiptalög nr. 81/2003 og nánari útfærsla í reglugerð.

## D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?

### 1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni

Ekki er talin þörf á heildstæðri löggjöf á þessu sviði. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið telur hæfilegt að tryggja viðeigandi lagastoð í fjarskiptalögum og fylgja breytingunum eftir með nánari útfærslu í reglugerð.

### 2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott

Stefnt er að breytingu á 36. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 og eftir atvikum öðrum ákvæðum ef þörf krefur. Skilgreina þarf verkefni eftirlitsstofnana samkvæmt tilskipuninni, sem annars vegar tilheyra Póst- og fjarskiptastofnun og hins vegar Orkustofnun.

Setja þarf lagastoð undir *single information point*, þ.e. innviðagagnagrunn og tilheyrandi leiðbeiningaþjónustu, um aðgengi að gögnum fjarskipta- og veitufyrirtækja, ásamt ákvæðum um meðferð og vinnslu þessara upplýsinga með breytingu á 62. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003.

Jafnvel þarf að kanna hvort breyta þurfi fleiri lögum, t.d. til að kveða á um aukið svigrúm veitufyrirtækja og Vegagerðarinnar til að horfa til annarra sjónarmiða við uppbyggingu og gerð kostnaðaráætlanda umfram þeirra forsendur sem tilheyra kjarnastarfssemi. Skoða þarf vegalög, raforkulög o.fl.

3.

## E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar

### 1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga?

Um er að ræða innleiðingu á EES tilskipun en hún hefur hvorki bein áhrif á aðrar þjóðréttarskuldbindingar né stjórnarskrá.

### 2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu?

Nei.

### 3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til?

Nei

4.

## F. Samráð

### 1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar?

Fjarskiptafyrirtæki.

Opinber veitufyrirtæki.

Notendur fjarskiptaþjónustu.

## 2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta?

SRN / ANR (PFS / Orkustofnun).

## 3. Samráð sem þegar hefur farið fram

Samráð á frumstigi. Samtal hefur átt sér stað við hagsmunaaðila. Rétt er að geta þess hér að framkvæmdaraðilar reyna í dag að eiga samtal um jarðsvegsframkvæmdir.

## 4. Fyrirhugað samráð

Samráð innan stjórnsýslunnar.

Þá er fyrirhugað opið samráð á netinu.

5.

## G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er

### 1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal

Fyrir innleiðingu á tilskipuninni inn í EES samninginn þann 12. desember 2014 var óskað eftir mati Póst- og fjarskiptastofnunar á kostnaði við innleiðingu. Í mati stofnunarinnar kemur fram að ljóst sé að innleiðingin muni hafa í för með sér bæði beinan kostnað fyrir ríkið og óbeinan kostnað, fyrir ríkið, sveitarfélög, veitufyrirtæki og jafnvel vegagerðina. Beinn kostnaður felst í því að koma þarf upp eftirlitsstjórnvaldi með tilskipuninni og búa til innviðagagnagrunn. Hins vegar mætti spara kostnað hvað þetta varðar með því að byggja á núverandi stofnanafyrirkomulagi, en í því sambandi má nefna að Póst- og fjarskiptastofnun fer þegar með eftirlit með samlegðarverkefnum fjarskipta- og veitufyrirtækja samkvæmt 36. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003, auk þess sem stofnunin hefur fjárfest töluvert í uppbyggingu innviðagagnagrunni á svið fjarskipta á undanförunum árum. Þá fer stofnunin með ráðgjafar- og leiðbeiningarhlutverk varðandi ríkistyrki í fjarskiptum, en efni tilskipunarinnar er nátengt slíkum verkefnum. Líklegt er að verkefni tilskipunarinnar myndu kalla á fjármuni til að fjármagna 1-2 starfsgildi, auk aukinna fjármuna til gagnagrunnsgerðar. Hvað stofnkostnaður varðar fer fjárhæðin að miklu leyti eftir því hvort og með hvaða hætti heimilað verður að samnýta fyrirbyggjandi upplýsingar um innviði sem þegar eru til og eru á forræði fjarskipta- og veitufyrirtækja. Ef samnýting fyrirbyggjandi gagnagrunna verður heimiluð má gera ráð fyrir að stofnkostnaður verði um 20 mkr. og aukinn rekstrarkostnaður vegna fjölgunar starfsgilda og viðvarandi rekstrarkostnaður gagnagrunns væri um 15-25 mkr. á ári. Að einhverju leyti kemur til álita að krefja notendur um kostnað í formi e.k. þjónustugjalda.

Óbeinn kostnaður fælist í því að fjarskipta- og veitufyrirtæki þyrftu að taka tillit til samnýtingar annarra í sínum uppbyggingaráformum sem gæti aukið flækjustig og kostnað við framkvæmdir. Þjóðhagslegur ávinningur myndi þó ávallt vega upp á móti þeim óbeina kostnaði að mati Póst og fjarskiptastofnunar í ljósi þess að viðbótarkostnaður við ljósleiðaralögn með öðrum veitufuramkvæmdum er einungis 20-25% af heildarkostnaði framkvæmdarinnar.

Ofangreint mat var gert í byrjun árs 2016 og nauðsynlegt er að endurmeta kostnaðinn af hálfu ráðuneytisins, m.a. fjölda stöðugilda miðað við þá vinnu sem þegar hefur verið unninn hjá stofnuninni frá því að matið var gefið.

## H. Næstu skref, innleiðing

### 1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina?

- Í vinnslu

### 2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan

### **tíma til undirbúnings/aðlögunar?**

Staðið verður að innleiðingu löggjafar með hefðbundnum hætti.

Ekki er gert ráð fyrir því að hagsmunaaðilar þurfi langan aðlögunartíma.

#### **3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur?**

Póst- og fjarskiptastofnun þarf að vera tryggð rekstrarskilyrði til að sinna þeim skyldum sem kveðið er á um í tilskipuninni. Þá þarf að koma ágreiningsmálum sem upp kunna að koma í farveg hjá úrskurðarnefnd.

#### **4. Mælikvarðar á árangur og útkomu**

Fjarskiptasjóður og Póst- og fjarskiptastofnun hafa yfirsýn yfir tölfræði á þessu sviði.

#### **5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur?**

Evrópusambandið mun kalla eftir tölfræði um árangurinn þegar fram líða stundir.

### **I. Annað**

### **J. Fylgiskjöl**

#### **1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað**

Í vinnslu.

#### **2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum**

Umsögn innanríkisráðuneytisins, dags. 28. september 2016 vegna ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar að fella tilskipun 2014/61 inn í EES-samninginn.